



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 5. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum (lokauppgjör), 211. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að vistheimilanevnd verði falið að ljúka bótauppgjöri vegna fatlaðs fólks sem vistað var á barnsaldri á stofnunum sem hið opinbera bar ábyrgð á, öðrum en Kópavogshælinu, en vistheimilanevnd hefur þegar skilað skýrslu um þá starfsemi og aðstæður barna sem þar voru vistuð.

Tilgangur bótauppgjors af þessu tagi er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða samfélagslegt uppgjör sem hefur þann tilgang að opinbera og viðurkenna að fötluð börn hafi sætt kerfisbundnu ofbeldi í umsjá hins opinbera, þannig að draga megi af því lærdóm, og fyrirbyggja að sambærilegar aðstæður skapist aftur. Hins vegar er um að ræða viðleitni í þá átt að bæta þeim einstaklingum sem um ræðir, það gríðarlega tjón sem þeir urðu fyrir, sökum þess að hið opinbera brást þeim og sinni ekki þeirri skyldu sinni, að tryggja fötluðum börnum rétt þeirra til umönnunar og verndar.

Með frumvarpi þessu er stigið mikilvægt skref í því samfélagslega verkefni að bæta stöðu fullorðinna fatlaðra einstaklinga sem þurftu að þola ofbeldi og slæma meðferð sem börn. Í frumvarpinu kemur fram að tengiliður stofnana fyrir fötluð börn eigi að leiðbeina fyrirverandi vistmönnum um úrræði sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á, svo sem varðandi endurhæfingu og menntun. Að mati umboðsmanns barna er fullt tilefni til að skoða hvort tengiliðnum, eða öðrum aðila, verði falið víðtækara hlutverk í þessum málum, þannig að þeir einstaklingar sem um ræðir, fái ekki aðeins ráðgjöf um tiltæk stuðningsúrræði, heldur jafnframt aðstoð við nýta

sér þau úrræði, þannig að tryggt verði að bótauppgjörið skili þeim ekki aðeins fjárhagslegum bótum, heldur einnig bættum lífskjörum og nýjum tækifærum.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna